



Dagur íslenskrar tungu
mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvholsgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 9. október 2013

Ágæti viðtakandi.

**Dagur íslenskrar tungu
16. nóvember**

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í átjánda sinn laugardaginn 16. nóvember 2013.

Þá skal draga fána að hún á húsum opinberra stofnana.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að huga að því að nota 16. nóvember, eða dagana þar í kring, til að hafa íslenskuna alveg sérstaklega í öndvegi.


Hægt er að minnast dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, leikþáttum, útgáfu, verðlaunum, viðurkenningum, handritasýningum, bóka- og rithöfundakynningum, tónlistarflutningi og samkomum af ýmsu tagi.

Minnt er á vefinn www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/ og Facebook-síðu dags íslenskrar tungu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2013. Þeir sem vilja kynna viðburði sína á vef dags íslenskrar tungu eru hvattir til að senda upplýsingar á netfangið hes26@hi.is. Þangað má jafnframt beina fyrirspurnum um hvað eina sem varðar hátíðisdaginn.

Með vinsemd og virðingu,


Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra


Guðrún Nordal
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum



Dagur íslenskrar tungu
mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvholsgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 9. október 2013

Ágæti viðtakandi.

**Dagur íslenskrar tungu
16. nóvember**

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í átjánda sinn laugardaginn 16. nóvember 2013.

Þá skal draga fána að hún á húsum opinberra stofnana.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að huga að því að nota 16. nóvember, eða dagana þar í kring, til að hafa íslenskuna alveg sérstaklega í öndvegi.

Hægt er að minnast dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, leikþáttum, útgáfu, verðlaunum, viðurkenningum, handritasýningum, bóka- og rithöfundakynningum, tónlistarflutningi og samkomum af ýmsu tagi.

Minnt er á vefinn www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/ og Facebook-síðu dags íslenskrar tungu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2013. Þeir sem vilja kynna viðburði sína á vef dags íslenskrar tungu eru hvattir til að senda upplýsingar á netfangið hes26@hi.is. Þangað má jafnframt beina fyrirspurnum um hvað eina sem varðar háttíðsdaginn.

Með vinsemd og virðingu,


Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra


Guðrún Nordal
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum